



CQ

TF

1 tölublað 1996

Ný stjórn ÍRA tók við á aðalfundi í mars sl. Formaður var kosinn Sveinn Guðmundsson TF3T, aðrir sem voru kosnir eru Haraldur TF3HP og Ársæll TF3AOT til tveggja ára. Til vara í eitt ár voru kosnir Sveinbjörn TF3VET og Halldór TF3GC. Á stjórnarfundi skömmu síðar skipti stjórnin með sér verkum: Haraldur varaformaður, Ársæll spjaldskrárritari. Benedikt ritari og Guðjón gjaldkeri.

Í vor bar svo við að hér á landi voru fjórir belgískir amatörar sem hingað komu gagnert til þess að taka þátt í CQ WW CONTEST. Fóru þessir amatörar fram á og fengu íslenskt kallmerki TF3D. Var það notað þessa helgi en skilyrði voru ekki mjög góð og tókst þeim aðeins að hafa um 2000 qso og var árangur þeirra nokkru slakari en þeir höfðu vonað.

Fljótlega fór að bera á óánægju nokkurra ísl. amatöra sem fannst að þarna hefði stjórn ÍRA ekki farið eftir settum reglum. Fóru þeir fram á félagsfund sem var haldinn í Þróttheimum 31. maí. Nokkrar umræður urðu um mál þetta og að lokum samþykkti félagsfundur ályktun þar sem segir að; stjórn ÍRA fari fram á við fjarskiptaeftirlitið að það afturkalli umrædda leyfisveitingu.

Stjórnarfundur samþykkti með þrem atkvæðum gegn tveim að verða við áskorun félagsfundar og var bréf sent fjarskiptaeftirliti þar að lútandi.

Ábendingar höfðu borist stjórn ÍRA um hvort ekki bæri að gera Svein Guðmundsson að heiðursfélaga ÍRA og á stjórnarfundi þann 03.07 96 var að tillögu Haraldar samþykkt að gera Svein að heiðursfélaga og þegar Sveinn kom til landsins, en hann hafði dvalið í Þýskalandi í sumarfrí sínu var honum afhent heiðursskjál, var það gert að viðstöddum nokkrum félagsmönnum á opnu kvöldi í Þróttheimum.

Á stjórnarfundi þ. 14.08 sl tilkynnti formaður að; sökum trúnaðarbrests milli hans og þriggja meðlima stjórnarinnar gæti hann ekki starfað áfram sem formaður ÍRA og óskaði hann eftir því að varaformaður tæki við störfum sem formaður félagsins.

Ítrekað var Sveinn beðinn um að endurskoða þessa ákvörðun sína en án árangurs..

Sveinn bað um tveggja vikna frest til þess að ganga frá skjölum félagsins til afhendingar.

Endurvarpar.

Núna hefur hefur ÍRA eignast þrjú sett af endurvarpasíum á tíðnisviði 145....Mhz. kaupverð þeirra var um 300.000 þúsund full búin með köplum og þessháttar. Naut félagið þar þjónustu og vin-semdar Radíóþjónustu Sigga Harðar og færum við honum þakkir fyrir sitt framlag.

Nokkrar breytingar verða á næstunni á “PÁLI” Tækið sem hefur verið í Kópavogi TF3RPB verður flutt og sett upp á Búrfelli í Þjórsárdal og fær þar kallmerkið TF1RPC með útgangstíðni 145.700 Mhz.

Prófanir voru gerðar (‘3AOT og ‘3VET) á sambandi frá Búrfelli og kom í ljós að unnt var með 250 mw og “rubber” loftneti að hafa samband við Reykjavík og í Garðabæ, þannig með bættum loftnetum heima fyrir ætti ekki vera nein vandræði með samband við Búrfell.

Sísendir okkar á Búrfelli sem hefur sent út með mjög litlu afli hefur heyrst norður á Vaðlaheiði og í Eyjafirði og gera menn sér vonir um að þessi endurvarpi komi einnig. merki norður þannig að við getum haft samband við féлага okkar fyrir norðan. Hann verður áfram á sama stað.

Nýr endurvarpi verður settur upp þar sem Páll er núna og fær hann sama kallmerkið þe TF3RPB en útgangstíðni hans verður 145.750 Mhz og vonandi verður hann jafn góður og forveri hans, en það verður að koma í ljós.

Enn er ekki ljóst hvar hinir tveir endurvarparnir verða settir upp og væri gaman að fá ábendingar þar um.

Ný kallmerki


TF3JKT	Jóhanna Konráðsdóttir
TF3VDT	Vala Dröfn Konráðsdóttir
TF3NJ	Niels J. Kristinsson
TF8SM	Smári sleppti T og keppist nú við á cw og hefur hann nú þegar haft samband við um 30 lönd.

Við óskum þeim öllum til hamingju

Refaveiðar

Refaveiðar er einskonar ratleikur þar sem reynir á hæfni manna við að finna falinn útvarpssendi (refinn) og nota til þess sérstakt viðtæki með stefnuvirku loftneti. Oft eru notaðir fleiri en einn sendir og reynir þá á færni manna við að nota kort og áttavita. Áttaviti og kort af svæði því sem leita skal eru einnig góð hjálpartæki þó aðeins sé leitað að einum ref.

Þátttakendur fá í hendur viðtæki og kort, áttavitann og skriffæri verða þeir sjálfir að útvega. Gefinn er ákveðinn tími sem nota má í leitina.



Viðtækið er einfalt í notkun, um leið og heymartólið er tengt í tengisliðrið fer tækið í gang og ef stillihnauppurinn er rétt stilltur fyrir tíðni sendisins heyrast í refnum. Nú er hægt með hjálp viðtækisins að finna í hvaða stefnu refurinn er með því að snúa viðtækinu og hlusta eftir daufasta merki frá sendinum, en það gerist þegar annar hvor endi viðtækisins stefnir í átt að honum (refnum). Sterkasta merkið heyrast þegar tækið stefnir þvert á refinn (MAX). Nú er hægt að taka stefnu með áttavitanum og strika inn á kortið, en nú vandast málið því stefnumar eru reyndar tvær þ.e. sinn hvor endi tækisins. Auðvelt er að leysa þetta vandamál með því að taka nýja stefnu í nokkur hundruð metra fjarlægð (90°) frá þeim stað sem fyrri stefnan var tekin og strika inn á kortið. Línurnar tvær á kortinu ættu nú að skerast og í nágrenni við skurðarpunktinn felur refurinn sig. Nú er eftirleikurinn auðveldur, stefnan á refinn er þekkt og einnig líkleg staðsetning og nú er bara að finna refinn. Við refinn er stimpill sem nota skal til að staðfesta fundinn og stimpla í stimpilreitinn á kortinu



Ath. þegar mjög stutt er að refnum verður mjög erfitt að nota viðtækið til að miða hann.

REFAVEIÐAR

Langt er síðan refaveiðar voru haldnar hér fyrir amatöra.

Finnst mér því tímabært að endurvekja veiðarnar og vonandi tekst vel til. Haukur TF3HKT hefur sett saman viðtæki sem er mjög gott sem refaviðtæki. (einnig sem viðtæki á 3.5 til 3.7 Mhz) Einnig smíðaði hann sendi fyrir þetta svið og eiga Radíóskátar því tvo senda og nokkur viðtæki sem þeir vilja lána okkur. 8 stk.

Fyrir þá sem vilja smíða sér viðtæki sem er hentugt í útilegu (og útileika hi) er hér teikning af tæki Hauks. .. Aðeins þarf að þrjóna við þetta sendi og þá er komið fyrirtaks qrp transiver.

Venjulegt stuttþylgjuviðtæki getur líka gengið. Refirnir senda út á 3.710 Mhz

Refaveiðin verður þ. 31.08 1996 kl 1330. safnast saman við Þróttheima.

Frá gjaldkera

Ég minni félagsmenn á útsenda gíróseðla og vona að þeir greiði þá sem fyrst. NÚ þegar væri best.

TF3WOT




HÚRRA.HÚRRA

Í vor sóttu nokkrir T leyfishafar um afnot af 50 Mhz ,6m bandinu. Nú hefur fjarskiptaeftirlíð gefið grænt ljós á þetta þó með þeim takmörkum að hver og einn verður að sækja um leyfi fyrir afnot af þessu bandi. Flogið hefur fyrir að nokkrir hafi nú þegar pantað sér tæki eða borð í tæki sem þeir áttu fyrir.

Nokkur sambönd munu nú þegar hafa náðst út fyrir skerið. t.d sunnudaginn 10/08 var opið til Grænlands og voru einhverjir sem nýttu sér það.

‘3 HP

80M SCOUT



Íhlutum er ráðað á prentborðið eins og myndin sýnir. Best er að byrja á þeim íhlutum sem lægst standa t.d. viðnámmum díóðum og þéttum, því næst sökklum fyrir IC-rásir og síðast spólum. Festingar fyrir spóluhúsin eru oft til vandræða (ílöng göt) og yfirleitt er í lagi að festa þær með grennri vír eða klippa flipana til þannig að þeir passi í 1 mm gat.

Það er góð regla að forma víra íhluta með töng áður en þeim er stungið í prentið, það gefur oftast fallegra útlit. Leiðslur (stilliviðnámin R1, R4 og þéttinn VC1 er best að hafa úr grönnum fjölþættum leiðurum í mismunandi lit t.d. svart fyrir leiðslur sem tengjast í mínus (jörð) o.s.fv.

Þéttirinn VC1 er tvöfaldur þ.e. 195 pF og 80 pF með trimþéttum á bakhlið um 10 pF hvor. Miðju-lengið er tengt (jörð/mínus en 80 pF hlutinn inn á tengipunkt í plötu (sjá teikn.). Hægt er að nota stærri þéttinn, en þá nær sveiflufakinn niður fyrir 80 metra bandið. Næmleiki tækisins er mestur á 80 metra bandinu og því ráða spólumar L1 og L2 ásamt með þéttunum C1, C2, C3. Þessar spólur þarf að stilla ásamt L3 sem ræður sveiflufakatíðninni sem er á milli 3,5 MHz og 3.8 MHz. *A.t.h. aldrei nota skrúffjárn í stillikjarna. Notið aðeins til þess gerða stillipinna eða pinna úr plasti.*

Ekki er nauðsinlegt að vera búinn að setja tækið í kassa til að prófa það, en þegar gengið er frá prentplötunni í kassa verður að vera hægt að komast að stillikjörnum í spólunum.

netfang ÍRA <http://www./itn.is/ve/ira/IRA.html/>

Hvernig er að vera “nýr” radióamatör?

Áhugi minn á talstöðvum og fjarskiptum var ekki ýkja mikill fyrr en ég fór að lesa fyrir amatörprófið. Ég kom helst ekki nálægt talstöð, fannst ég ekkert skilja af því sem sagt var. Í prófið fór ég fyrir “þrýsting” og til að ögra sjálfri mér, “ég gæti vel lært þessa rafmagnsfræði!” Reyndar vissi ég ekki fyrr en fyrir þremur árum, er Guðjón minn ástkæri fór á námskeið og náði prófinu, að til væru radióamatörar með sérstök leyfi.

Fyrsta skrefið að því að verða radióamatör var að læra undir prófið og ná því. Þá byrjaði ballið. Ég komst að því að bækurnar segja ekki allt frekar en fyrri daginn. T.d. hvernig á að tala í talstöð og öll rumsan sem maður þarf að muna og ekki gleyma neinum strikum eða númerum -menn tala líka svo óskýrt, á hvern eru þeir að kalla? - hvor endurvarpinn var nú aftur á 145,700 MHz, Páll eða Pétur? Hverjir eru einstaklingarnir á bak við þessi kallnúmer sem voru að óska mér til hamingju með að vera komin í loftið? Guðjón svaraði þessu skilmerkilega. Þetta hafðist og annað skrefið yfirstaðið.

Þriðja skrefið var að kynna radiómennsku í “action” og mætti ég því á Snorrabrautina, í félagsheimilið og á Landsmót skáta. Nú fór fyrst að fara um mig, það var fullt af orðum og hlutum sem ég ekki skildi, ég tala nú ekki um allar stillingar. Margt má líka misskilja, til dæmis var einhverju sinni mikið talað um DX, ég hlustaði, náði ekki samhenginu en þorði ekki að upplýsa fáfræði mína og spurði því Guðjón þegar heim var komið “hvað voru þið að tala um Villa í allt kvöld?”

Allt lærist og fyrr en varði var mín byrjuð að fíkta í tækjunum og passa upp á að talstöðin gleymdist ekki þegar farið var út. “Öðru vísi mér áður brá!”. Allir hafa verið boðnir og búnir að útskýra fyrir mér hvað hlutirnir þýði og er ég þakklát fyrir hlýjar móttökur.

Mig langar að lokum að óska ÍRA til hamingju með 50 ára afmælið og vona að félagið vaxi og styrkist. Það er jafnframt skemmtileg tilviljun að á því sem af er afmælisárinu hefur konum með kallmerki fjölgað um ca 20% en körlum ekkert.

Námsskeið

Vonir standa til að ÍRA geti staðið fyrir námsskeiði fyrir þá sem hafa áhuga á en hafa kannski litla undirstöðu í fræðunum. Hefi ég orðið var við talsverðan áhuga á þessu. ‘3 HP

Packet radió.

TF3NOS hefur gengið nokkuð vel undanfarið og standa vonir til þess að enn frekari þjónusta verði í boði. t.d DX info og hefur það verið í boði á vegum NIKIO .TOM. sem hefur verið mjög vinsamlegur í okkar garð.

Umsjónarmaður TF3NOS er Benni TF3BNT. Hafði samband við hann ef þið þurfið upplýsingar og aðstoð ‘3 HP


15 og 10 metrar hafa opnast undanfarið og eru sumir að gera sér vonir um betri “DX” með batnandi tíð. Aðrir halda því fram að allt að 18 mánuðir bið verði þangað til að það verði

Samböndin við íslendingana erlendis hafa verið nokkuð góð í sumar og og hér heima hafa þeir ‘3KM og ‘3GC sjaldan látið sig vanta

Innanlandstíðnin hefur verði fjörug og hefur TF3AX verið sem fyrr á ferð um landið og flest kvöld hafa þeir náð saman TF3TF og hann. Einnig hafa norðanmenn komið á tíðnina. TF3HP var á ferð á Vatnajökli í vor og hafði samband við Axel sem þá var staddur á Flateyri . Gott samband báðar leiðir.

‘3HP

Útgefandi: ÍSLENSKIR RADÓAMATÖRAR póst-
fang box 1058 .121 Reykjavík Félagsaðstaða :Þrótt-
heimar við Holtaveg Ritstjóri og ábm Haraldur
Þórðarson TF3HP



FÉLAGSGJÖLD 1996

Kæru félagar.

Ég vil minna menn á greiðslu giróseðla vegna félagsgjalda sem féllu í gjaldaga 1. apríl. 1996.

Þeir leyfishafar sem vilja nýta sér tilboð um innngöngu nýrra félaga kr 3.000 Kr. (Inntökugjald 1500 Kr. og hált árgjald 1500 Kr.) geta greitt inn á reikning 0116 62118053 Höfðabakkauíbú.

Landsbanki Íslands
Höfðabakkauíbú
Höfðabakka 9
112 Reykjavík

Kveðja. TF3 WOT

P.S Þeir félagsmenn sem týnt hafa giróseði sínum geta geta greitt inn á reikning 0116 62118053 Höfðabakkauíbú.

Íslenskir radóóamatörar

FUNDARBOÐ

Félagsfundur í Þróttheimum fimmtudag
05.09 1996 kl 2000.

Dagsskrá.

1. Viðhorf félagsmanna til stjórnar ÍRA.
2. ÍRA og Almannaavarnir ríkisins.
3. Starfsáætlun
4. Önnur mál.

Munið félagsgjöldin

Stjórn ÍRA